

KÓPAL GRANÍTLAKK

KÓPAL GRANÍTLAKK er slitsterk vatnsþynnunleg málning úr sérvalinni blöndu af akrýl og pólýúretan bindiefnum sem gulna ekki. Það er auðvelt að bera málninguna á, hún flýtur vel, þornar fljótt og gefur fallegt útlit.

KÓPAL GRANÍTLAKK hylur vel, hefur mjög góða þvottheldni og ýrist lítið við rúllun.



KÓPAL GRANÍTLAKK er einkum ætluð á gólf og stiga á heimilum, í geymslum, tæknirýmum, atvinnuhúsnæði og víðar þar sem slitálag er ekki mjög mikið.

KÓPAL GRANÍTLAKK er ætlað á gólf innanhúss þar sem vatns-, hita-, efna- og rakaálagi er ekki mjög mikið.

Undirbúningur: Flöturinn sem mála á, skal vera þurr og laus við ryð, ryk, olíu, feiti og önnur óhreinindi. Steypa þarf að vera fullhörðnuð, sementshúð þarf að slípa af fyrir málnun.

Efnismeðferð: Fyrir notkun skal hræra vel upp í dósinni. Mála skal með lakk-rúllu, smærri fleti má mála með pensil með hárum úr gerviefni.

Nýmálun: Steypta fleti skal grunna með

STEINGRUNNI eða KÓPAL GRANÍTLAKKI þynntu með 10-15% köldu vatni. Því næst eru málaðar 2-3 umferðir með KÓPAL GRANÍTLAKKI.

Endurmálun: Gljáandi fleti þarf að matta og getur þurft grunna. Því næst eru málaðar 2-3 umferðir með KÓPAL GRANÍTLAKKI.

Litir: KÓPAL GRANÍTLAKK er framleidd í stofni sem hægt er að lita í mikinn fjölda lita.

Áferð: Hálfgljáandi, um 50 (60°). Þynnir og hreinsun áhalda; vatn eða sápuvatn til þvottar.

Þurrktími: Snertþurrt eftir um 15 til 30 mín. við 20°C.

Yfirmálun: Eftir 1-2 klst. við 20°C., breytilegt eftir efnisnotkun, hitastigi og öðrum aðstæðum.

Þykkt (flæðiseigja): Um 20 Poise. (Brookfield HA 5/50, 25°C).

Eðlismassi: Um 1,2 g/ml (25°C), breytilegt eftir lit.

Þurrefni: Um 45% af massa eða um 35% af rúmmáli (reiknað), breytilegt eftir lit.

Efnisnotkun: Um 0,12 l/m² í umferð, breytilegt eftir hrjúfleika flatar, málnunaraðferð og aðstæðum. Samsvarar um 40 ðm þurr-filmuþykkt.

Hitastig við málnun: Hitastig flatar skal vera milli 5°C og loftraki undir 80%.

VOC-efni: Skv. reglugerð 1025/2005 þá eru viðmiðunarmörk VOC fyrir þessa

vöru fl. A/i 140 g/l (2010). Þessi vara inniheldur að hámarki 40 g/l.

Athugasemdir:

- Fullur styrkur næst eftir 2-3 vikur.
- Jafnari áferð getur náðst ef byrjað er með 10-15% þynntri umferð.
- Þynning getur lengt þurrktíma.
- Geymið í lokuðum umbúðum á þurrum og svölum stað. Má ekki frjósa.